

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2019 í máli nr. E-3270/2018:

Protabú Pressunnar ehf.

(Kristján B. Thorlacius lögmaður)

gegn

NRS Media (UK) Ltd. og

(Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður)

NRS Media (Europe) Ltd.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. september sl. var höfðað 23. ágúst 2018 af þrotabúi Pressunnar ehf., Laugavegi 7 í Reykjavík, gegn NRS Media (UK) Ltd. og NRS Media (Europe) Ltd., báðum til heimilis í Rotterdam House, 116 Quayside, Newcastle Upon Tyne í Englandi.

Stefnandi krefst þess aðallega að rift verði með dómi greiðslu Pressunnar ehf. á 5.000.000 króna skuld við stefndu 3. október 2017 „með greiðslu fjárhæðarinnar af vörslureikningi lögmanns stefndu inn á skuld stefnanda við stefndu“. Þess er einnig krafist að stefndu verði óskipt gert að greiða stefnanda 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. október 2017 til greiðsludags. Til vara er krafist riftunar á greiðslu Pressunnar ehf. á 5.000.000 króna skuld við stefndu sem greidd var 7. september 2017 „með greiðslu af bankareikningi stefnanda inn á reikning lögmannsstofu lögmanns stefndu f.h. stefndu“. Þess er jafnframt krafist að stefndu verði óskipt gert að greiða stefnanda 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. september 2017 til greiðsludags. Stefnandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi NRS Media (UK) Ltd. krefst sýknu, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mætt var af hálfu beggja stefndu við þingfestingu málsins 11. október 2018 og þeim veittur frestur til að leggja fram greinargerð. Stefndu var með samþykki stefnanda veittur frekari frestur til að leggja fram greinargerð þegar málið var tekið fyrir 8. nóvember 2018, 6. desember 2018, 10. janúar 2019 og 24. sama mánaðar. Þegar málið var næst tekið fyrir 31. janúar 2019 var ekki mætt fyrir hönd stefnda NRS Media (Europe) Ltd. og ekki skilað greinargerð af hans hálfu. Tekið var fram að stefnandi krefðist dómtöku á það félag. Aftur á móti var lögð fram greinargerð fyrir hönd stefnda NRS Media (UK) Ltd.

Stefndi NRS Media (UK) Ltd. krafðist upphaflega frávísunar málsins og vísaði héraðsdómur kröfum á hendur því félagi frá dómi með úrskurði 10. maí 2019. Sá úrskurður var felldur úr gildi með úrskurði Landsréttar 26. júní sama ár og var lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

I

Helstu málsatvik

Mál þetta er höfðað af stefnanda til riftunar á tiltekinni greiðslu, sbr. XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Pressan ehf. og stefndi NRS Media (Europe) Ltd., fyrirtækjanúmer 06384495, gerðu samning 13. maí 2015 sem varðaði öflun hins síðarnefnda félags á auglýsingum í miðla stefnanda. Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefndi NRS Media (UK) Ltd., fyrirtækjanúmer 04408565, hafi jafnframt átt aðild að samningnum. Reikningar vegna þjónustunnar voru ritaðir á bréfsefni NRS Media (Europe) Ltd. og var óskað greiðslu á nánar tilgreindan reikning hjá breskum banka. Á reikningunum var einnig tilgreint fyrirtækjanúmer NRS Media (UK) Ltd. Af hálfu stefnda NRS Media (UK) Ltd. er byggt á því að félagið hafi alfarið staðið utan við samninginn og samningssamband eingöngu myndast á milli stefnanda og NRS Media (Europe) Ltd. Fram kemur í lið 28 í samningnum að um hann gildi íslensk lög og að skýra beri samninginn í samræmi við íslensk lög. Þá segir að íslenskir dómstólar hafi einir lögsögu til að taka ákvarðanir rísi ágreiningur sem varði samninginn.

Fyrir liggur að Pressan ehf. gat ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum og eru ógreiddir reikningar frá 23. nóvember 2015 til 20. september 2016 meðal gagna málsins. Af þessum sökum höfðaði NRS Media mál gegn Pressunni ehf. sem var þingfest 1. desember 2016. Þar var krafist greiðslu á 16.623.736 krónum vegna þjónustu sem veitt hefði verið samkvæmt samningnum frá 13. maí 2015. Ekki var tilgreint í stefnu hvort stefnandi væri NRS Media (UK) Ltd. eða NRS Media (Europe) Ltd. og var fyrirtækjanúmers heldur ekki getið. Stefna vegna skuldarinnar var árituð 26. maí 2017. Þá var gert árangurslaust fjárnám vegna skuldarinnar hjá stefnanda með gerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 17. ágúst 2017. Það liggur einnig fyrir að NRS Media hafði óskað eftir því að stefnandi yrði tekinn til gjaldþrotaskipta með beiðni sem var móttækin hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 12. september 2017. Þá höfðu kröfuhafar stefnanda lagt 13 beiðnir um gjaldþrotaskipti inn til héraðsdóms á árinu 2017.

Hinn 5. september 2017 var gerður samningur um kaup Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. á útgáfuréttindum Pressunnar ehf. Kaupverðið nam 276.000.000 króna. Samkvæmt viðauka við samninginn frá 14. sama mánaðar skyldi kaupverðið greitt með yfirtöku á skuld samkvæmt lánasamningi milli Pressunnar ehf. og A sem nam 50.000.000 króna, með yfirtöku á skuld Vefpressunnar ehf. við Íslandsbanka að fjárhæð 36.000.000 króna og með greiðslu á 190.000.000 króna í reiðufé hinn 5. september 2018. Með

viðauka 15. sama mánaðar var meðal annars áréttað að í kaupunum fylgdi allur rekstrar- og skrifstofubúnaður Pressunnar ehf. sem hefði verið á starfsstöð félagsins þann dag sem kaupsamningur var gerður.

Samningaviðræður fóru fram á árinu 2017 á milli þáverandi lögmannna aðila og tóku þær bæði til uppgjors vegna skuldar stefnanda og vegna skuldar DV ehf., dótturfélags stefnanda, sem gert hafði sams konar samning við NRS Media (Europe) Ltd. Á meðan þessar viðræður stóðu yfir greiddi Pressan ehf. 5.000.000 króna inn á fjárvörslureikning lögmanns NRS Media 7. september 2017. Aðilar náðu samkomulagi um uppgjör og er gerð grein fyrir því í tölvubréfi frá 3. október 2017 sem þáverandi lögmaður stefnanda og DV ehf. sendi. Þar segir að fyrir liggi að samningur komist á um uppgjör krafna sem lögmaðurinn hafi í innheimtu gagnvart DV ehf. og Pressunni ehf. gegn „fullnaðargreiðslu á kr. 16.700.000, að uppfylltum skilyrðum um greiðslu í dag og frestun á gjaldþrotaskiptabeiðnum á morgun í fjórar vikur“. Nánar tiltekið var vísað til „krafna umbjóðanda þíns NRS (kröfuhafa), fyrir tveimur árituðum stefnum, annars vegar á DV (skuldari) fyrir u.þ.b. kr. 16.600.000, og hins vegar á Pressuna (skuldari) fyrir u.þ.b. kr. 21.000.000“. Gert var ráð fyrir því að NRS Media fengi greiddar 16.700.000 krónur, annars vegar með greiðslu 7.700.000 króna af fjárvörslureikningi lögmanns skuldara til lögmanns NRS Media og hins vegar með greiðslu 4.000.000 króna til lögmanns NRS Media í síðasta lagi 1. nóvember 2017. Þá var lögmanni NRS Media „veitt heimild til að taka af fjárvörslureikningi sínum kr. 5.000.000, sem þegar hafa verið lagðar þar inn af skuldurum“. Fram kom að þegar síðasta greiðslan hefði borist þá yrðu fyrrgreindar beiðnir um gjaldþrotaskipti afturkallaðar. Lögmaður NRS Media staðfesti samkomulagið með tölvubréfi sem sent var samdægurs og upplýsti um reikningsnúmer vegna fjárvörslureiknings síns sem leggja skyldi umræddar fjárhæðir inn á. Í kjölfar þessa greiddi DV ehf. 7.700.000 krónur á fjárvörslureikning lögmanns síns, sem greiddi sömu fjárhæð til lögmanns NRS Media hinn 3. október 2017. Þá greiddi DV ehf. 31. október 2017 lokagreiðslu til lögmanns NRS Media. Hinn 1. nóvember 2017 afturkallaði lögmaður NRS Media beiðni um að stefnandi yrði tekinn til gjaldþrotaskipta, sem hafði verið beint til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði sem var kveðinn upp 13. desember 2017. Kröfulýsingafresti lauk 28. febrúar 2017 og námu lýstar kröfur í búið 315.696.702 krónum, en þar af námu forgangskröfur 38.807.197 krónum. Þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp voru 5.524.345 krónur á innlánsreikningi stefnanda. Stefnandi kveður aðrar eignir búsins hafa verið eignarhlutir í Vefpressunni ehf., og DV ehf., sem bæði hafi verið úrskurðuð gjaldþrota, sem og í félögunum Eyjan Media ehf. og Eyjan Miðlar ehf., sem hafa neikvæða fjárhagsstöðu. Þá átti stefnandi tiltekna útistandandi kröfur og eignarhluti í

staðarblöðum sem skiptastjóri seldi rekstraraðila blaðanna fyrir 9.700.000 krónur. Andvirði seldra eigna, innstæður á bankareikningi og innheimtar útistandandi kröfur voru á skiptafundi 20. mars 2018 taldar nema 17.500.000 krónum.

Skiptastjóri stefnanda lýsti yfir riftun á fyrrgreindri greiðslu með bréfi 25. júní 2018 og var það sent þáverandi lögmanni NRS Media, sem hafði meðal annars komið að gerð samkomulags um uppgjör 3. október 2017.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína aðallega á 139. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og vísar til þess að greiðslan hafi verið innt af hendi eftir frestdag. Greiðslan hafi verið lögð inn á vörslureikning lögmanns stefndu 7. september 2017 og verið ráðstafað til greiðslu kröfunnar 3. október sama ár í samræmi við samkomulag aðila. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin hafi verið 19. september 2017 og sé greiðslan því riftanleg samkvæmt fyrrgreindu ákvæði. Tekið er fram að í samkomulagi aðila frá 3. október 2017 komi skýrt fram að þeim fjármunum sem stefnandi lagði inn á vörslureikning lögmanns stefndu hefði ekki verið ráðstafað til stefndu. Af samkomulaginu sé einnig ljóst að lögmaður stefndu hafi ekki talið sig hafa heimild til að ráðstafa greiðslunni til stefndu án samþykkis lögmanns stefnanda og hafi það ekki verið gert fyrr en að samþykki hans lá fyrir 3. október. Þetta sé jafnframt í samræmi við framburð fyrrum fyrirsvarsmanna stefndu um að hin umdeilda greiðsla hafi upphaflega verið greidd inn á vörslureikninginn til að sýna greiðslugetu og liðka fyrir frekari samningsumleitunum. Hafi það verið gert vegna kröfu stefndu um að bú stefnanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Byggt er á því að stefndu hafi verið grandsamir um greiðsluerfiðleika stefnanda, enda hafi beiðnir um gjaldþrotaskipti verið sendar héraðsdómi og stefndu sjálfir lagt fram slíka beiðni sem var ekki afturkölluð fyrr en 1. nóvember 2017. Bent er á að stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir grandleysi um greiðsluerfiðleika Pressunnar ehf. og aðrar framkomnar gjaldþrotaskiptabeiðnir. Því er hafnað að aðrar undanþágureglur 139. gr. laga nr. 21/1991 eigi við í málinu, en allar líkur séu til þess að skuldin hefði ekki fengist greidd við gjaldþrotaskiptin og hafi greiðslan ekki farið fram í þeim tilgangi að komast hjá tjóni. Séu því öll skilyrði ákvæðisins uppfyllt og beri að fallast á riftunarkröfu stefnanda á þessum grundvelli.

Verði ekki fallist á að greiðslan sé riftanleg á grundvelli 139. gr. laga nr. 21/1991 er byggt á því að riftun fái stoð í 134. gr. laganna, enda hafi greiðslan skert greiðslugetu þrotamanns verulega. Um sé að ræða hlutlæg skilyrði og skipti huglæg afstaða stefndu til riftunarinnar og vitneskja stefndu um fjárhag stefnanda því engu við mat á því hvort ákvæðið eigi við. Miðað við fjárhagsstöðu stefnanda á þeim tíma sem skuldin var greidd hafi greiðslan skert greiðslugetu hans verulega, en við mat á því

beri meðal annars að líta til hlutfalls greiðslunnar og eigna stefnanda þegar greiðslan fór fram og við gjaldþrotaskiptin. Hafi í dómaframkvæmd og norrænum rétti verið litið til nokkurra sjónarmiða, þar með talið þess hvort greiðslan sé meira en 10% af eignum þess aðila sem sé gjaldþrota. Þegar kveðinn hafi verið upp úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi verið 5.524.345 krónur á innlánsreikningi stefnanda. Andvirði seldra eigna, innstæður á bankareikningi og innheimtar útistandandi kröfur hafi á skiptafundi 20. mars 2018 verið taldar nema 17.500.000 krónum. Hefði ekki komið til þeirrar greiðslu sem krafist sé riftunar á hefðu eignir búsinns hins vegar numið um 22.500.000 krónum. Hafi umrædd greiðsla því verið um 29% af eignum félagsins þegar bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta. Þá hafi eignir félagsins að sama skapi rýrnað um 22% við greiðsluna. Sé fjárhæð greiðslunnar því langt yfir viðurkenndum viðmiðunarmörkum við mat á því hvort skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 um verulega rýrnun á greiðslugetu þrotamanns séu fyrir hendi.

Vísað er til þess að þegar greiðslan fór fram hafði stefnandi selt nær allar eignir félagsins, þ.e. vörumerki og vefsíður allra miðla félagsins og fleiri eignir. Þetta hafi stefndu vitað, enda verið töluverð umfjöllun um umrædda sölu í fjölmiðlum í september 2017. Hafi því verið ljóst að litlar sem engar tekjulindir væru eftir í félaginu. Þá geti umrædd greiðsla ekki talist venjuleg eftir atvikum, en um margra mánaða uppsöfnuð vanskil hafi verið að ræða og hafi verið gefinn verulegur afsláttur af kröfunum vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Áréttað er að stefndu hafi verið að fullu kunnugt um slæman fjárhag félagsins, enda höfðu þeir sjálfir gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu og lagt inn beiðni um gjaldþrotaskipti til héraðsdóms. Vilji stefndu halda því fram að félagið hafi verið gjaldfært þegar greiðslan var innt af hendi beri þeir sönnunarbyrðina fyrir því og allan halla af sönnunarskort. Þá hafi greiðslan verið innt af hendi innan sex mánaða frá frestdegi og séu því öll skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 uppfyllt.

Jafnframt er byggt á því að greiðslan sé riftanleg samkvæmt hinni almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991. Hafi háttsemi þáverandi fyrirsvarsmanna Pressunnar ehf. og stefndu verið ótilhlýðileg, en með hinni umdeildu greiðslu hafi verið gerðar upp skuldir við stefndu og kröfuhöfum verið mismunandi. Nánar tiltekið hafi verið gert upp við stefndu, sem áttu um 7% af lýstum kröfum í búið, en ekkert verið greitt til annarra kröfuhafa. Hafi ráðstöfunin því verið til hagsbóta fyrir stefndu á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að umræddir fjármunir voru ekki til ráðstöfunar til greiðslu skulda þrotabúsins. Bent er á að eignir þrotabúsins samanborið við lýstar kröfur séu óverulegar og muni stór hluti þeirra renna í skiptakostnað. Muni eftirstöðvar eigna félagsins því aðeins duga til að greiða brot af forgangskröfum miðað við eignastöðu við skiptin. Samkvæmt dómaframkvæmd beri einnig að líta til þess að kröfur stefndu á hendur stefnanda voru sumar greiddar upp mánuðum eftir gjalddaga

þeirra ásamt dráttarvöxtum. Þá hafi umrædd greiðsla ekki farið fram vegna endurskipulagningar á fjárhag stefnanda eða til að bjarga verðmætum, heldur eingöngu til að tryggja hagsmuni stefndu. Áréttað er að stefndu hafi verið eða mátt vera ljóst að stefnandi væri ógjaldfær þegar greiðslurnar voru inntar af hendi. Stefnandi hafi verið í verulegum vanskilum við stefndu, sem og aðra kröfuhafa, og hafi stefndu getað séð í hendi sér að greiðslan væri ótilhlýðileg og fæli í sér mismunun kröfuhafa.

Stefnandi byggir skaðabóta- og endurgreiðslukröfu sína einkum á 1. og 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Verði fallist á riftun á grundvelli 139. gr. laganna beri stefndu að greiða stefnanda skaðabætur vegna tjóns hans af hinni riftanlegu greiðslu, sbr. 3. mgr. 142. gr. sem nemi þeim fjármunum sem greiddir voru til stefndu. Verði fallist á riftun á grundvelli 134. eða 141. gr. laganna séu stefndu jafnframt skaðabótaskyldir, óháð því hvort ákvæðið eigi við. Stefnu hafi verið kunnugt um að greiðslan væri riftanleg, sbr. lokamálslið 1. mgr. 142. gr. laganna, og beri þeim að greiða bætur samkvæmt ákvæðinu. Að öðru leyti gildi sömu reglur um bótaskyldu vegna riftunar á grundvelli ákvæðanna.

Jafnframt er byggt á því að stefnandi eigi rétt á endurgreiðslu auðgunar úr hendi stefndu samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Auðgun stefndu samsvari þeirri fjárhæð sem var greidd til stefndu, eða 5.000.000 króna. Beri stefndu að greiða fjárhæðina óháð því hvort um skaðabóta- eða endurgreiðslukröfu sé að ræða. Til stuðnings kröfu um dráttarvexti vísar stefnandi til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Aðallega er byggt á því að miða beri upphafsdag dráttarvaxta við 3. október 2017, þegar greiðslan var innt af hendi, en til vara við 7. september 2017, þegar fjárhæðin var greidd inn á vörslureikning lögmanns stefndu. Til þrautavara er á því byggt að upphafsdag dráttarvaxta beri að miða við 25. júlí 2018, þegar mánuður var liðinn frá því að stefnandi lýsti yfir riftun greiðslunnar og krafðist skaðabóta úr hendi stefndu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Til stuðnings aðild stefndu vísar stefnandi til 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af reikningum vegna greiðslu skuldarinnar og samningi verði ekki annað séð en að báðir stefndu hafi verið kröfuhafar þar sem nafn annars og fyrirtækjanúmer hins sé skráð á reikningana. Þá hafi ekki verið tilgreint í stefnu NRS Media, þar sem krafist hafi verið greiðslu á grundvelli reikninganna, hvort félagið væri stefnandi og gildi hið sama um aðfararbeiðni vegna kröfunnar. Hafi lögmaður NRS Media sem annaðist innheimtu kröfunnar haustið 2017 ekki viljað afhenda kvittanir vegna uppgjors þegar eftir því hafi verið leitað. Verði að telja ljóst að bæði félögin hafi notið góðs af þeim greiðslum sem krafist sé riftunar á og eigi aðild að málinu, sbr. 141. og 142. gr. laga nr. 21/1991.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda NRS Media (UK) Ltd.

Stefndi NRS Media (UK) Ltd. krefst aðallega sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Félagið hafi hvorki átt aðild að því samkomulagi sem var gert 13. maí 2015 um auglýsingaöflun né samkomulagi um uppgjör frá 3. október 2017. Samningssambandið hafi alla tíð verið á milli stefnanda og NRS Media (Europe) Ltd. Þá hafi sú greiðsla sem málið varðar, sem og aðrar greiðslur samkvæmt samkomulagi um uppgjör, verið lögð inn á reikning stefnda NRS Media (Europe) Ltd. Þetta megi sjá af fyrirliggjandi bankayfirliti þess félags þar sem fram komi að 13. október 2017 hafi 93.782,21 evra verið lögð inn á reikninginn og jafnframt 25.893,72 evrur 10. nóvember 2017. Hafi báðar greiðslurnar komið frá lögmannsstofunni Hovmøller & Thorup og verið greiddar á grundvelli fyrrgreinds samkomulags að frádregnum lögmannskostnaði félagsins á Íslandi og í Danmörku. Sé því ljóst að sú greiðsla sem krafist sé riftunar á hafi verið greidd til stefnda NRS Media (EU) Ltd. og að stefndi NRS Media (UK) Ltd. hafi ekki haft nokkurn hag af greiðslunni, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Verði riftunarkröfunni því ekki beint að þessum stefnda og beri að sýkna hann vegna aðildarskorts.

Verði ekki fallist á sýknu stefnda vegna aðildarskorts er byggt á því að ekki séu uppfyllt skilyrði til riftunar. Þannig eigi 139. gr. laga nr. 21/1991 ekki við þar sem greiðslan hafi verið innt af hendi 7. september 2017, þegar hún var greidd lögmanni stefnda NRS Media (Europe) Ltd, og hafi frestdagur verið 19. september 2017. Þá skerði greiðslan ekki greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi 134. gr. laganna, enda liggi fyrir að þegar hún var innt af hendi hafði stefnandi nýverið selt útgáfuréttindi sín til að greiða upp skuldir, þar á meðal kröfu tollstjóra sem nam um 400.000.000 króna. Hafi umrædd greiðsla því aðeins numið smávægilegri fjárhæð í samanburði við þá fjármuni sem komu inn í félagið vegna sölunnar. Jafnframt er á því byggt að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum, meðal annars í ljósi þess að stefnandi hafi augljóslega verið að freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með uppgreiðslu skulda. Því er jafnframt mótmælt að riftun geti stuðst við 141. gr. laganna. Stuttu áður en greiðslan átti sér stað hafi verið töluverð umfjöllun í fjölmiðlum um sölu stefnanda á útgáfuréttindum sínum fyrir hundruð milljóna króna og að gerðar yrðu upp helstu skuldir félagsins. Tekið er fram að stefndi hafi ekki haft aðrar upplýsingar um stöðu stefnanda en þær sem voru opinberar. Hafi því ekki verið um ótilhlýðilega háttsemi að ræða og stefndi verið grandlaus um meinta ógjaldfærni stefnanda. Því er einnig mótmælt sem ósönnuðu að stefnandi hafi verið ógjaldfær.

IV

Niðurstaða

Stefnandi beinir kröfum sínum annars vegar að NRS Media (UK) Ltd. og hins vegar að NRS Media (Europe) Ltd. Hann byggir á því að sú greiðsla sem krafist er riftunar á hafi runnið til beggja félaganna og að þau hafi bæði haft hag af ráðstöfuninni. Af hálfu NRS Media (UK) Ltd., sem hefur tekið til varna, er krafist sýknu vegna aðildarskorts. Því til stuðnings hefur einkum verið vísað til þess að félagið hafi ekki átt aðild að fyrrgreindum samningi frá 13. maí 2015 sem leiddi til skuldar Pressunnar ehf. eða því samkomulagi um uppgjör sem greiðslan var byggð á. Þá hafi sú greiðsla sem krafist er riftunar á ekki runnið til félagsins.

Það liggur fyrir að sá samningur um öflun auglýsinga frá 13. mars 2015 sem áður hefur verið gerð grein fyrir var gerður á milli Pressunnar ehf. og stefnda NRS Media (Europe) Ltd. Þá voru reikningar vegna viðskiptanna gefnir út af NRS Media (Europe) Ltd. og verður af þeim ráðið að greiðslu skyldi inna af hendi á nánar tilgreindan reikning þess félags hjá banka í Bretlandi. Það er aftur á móti óumdeilt að fyrrgreindur samningur var ritaður á bréfsefni stefnda NRS Media (UK) Ltd. og að á reikningum var tilgreint fyrirtækjanúmer þess félags. Við munnlegan málflutning kom fram hjá lögmanni stefnda NRS Media (UK) Ltd. að um mistök væri að ræða. Félögin væru sjálfstæðir lögaðilar, en stefndi NRS Media (UK) Ltd. annaðist einkum viðskipti innan Bretlands og stefndi NRS Media (Europe) Ltd. viðskipti annars staðar í Evrópu. Þrátt fyrir það misræmi sem hér um ræðir verður að mati dómsins ráðið af umræddum samningi, þar sem samningsaðilar eru skýrlega tilgreindir, og reikningum að gagnaðili Pressunnar ehf. hafi verið stefndi NRS Media (Europe) Ltd.

Þá bera önnur gögn, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, jafnframt með sér að samningssambandinu hafi verið svo háttáð. Eins og rakið hefur verið þá höfðaði NRS Media mál gegn Pressunni ehf. til innheimtu skuldar sem stofnast hafði til vegna samningsins, en ekki kom fram í stefnunni hvort stefnandi væri NRS Media (UK) Ltd. eða NRS Media (Europe) Ltd. Aftur á móti verður ráðið af þeim gögnum sem lögð voru fram við þingfestingu málsins 1. desember 2016 að síðargreinda félagið hafi staðið að málsókninni. Þannig var meðal annars lagt fram innheimtubréf frá NRS Media (Europe) Ltd. til Pressunnar ehf. frá 26. apríl 2016 vegna skuldar samkvæmt samningnum. Jafnframt var lagt fram bréf frá dönsku lögmannsstofunni Hovmøller & Thorup til Pressunnar ehf. frá 13. júní 2016 sem var ritað fyrir hönd NRS Media (Europe) Ltd. og var þar einnig gerð krafa um greiðslu skuldarinnar. Þá verður í ljósi aðdraganda þess samkomulags um uppgjör sem gert var 3. október 2017 að leggja til grundvallar að sá lögmaður sem gætti hagsmuna NRS Media, án nánari tilgreiningar, hafi komið fram fyrir hönd NRS Media (Europe) Ltd., en um var að ræða þann lögmann sem hafði áður höfðað mál gegn Pressunni ehf. vegna skuldarinnar. Sú

fjárhæð sem krafist er riftunar á var lögð inn á fjárvörslureikning viðkomandi lögmanns á meðan á samningaviðræðum stóð eða 7. september 2017. Þá var lögmanninum samkvæmt samkomulaginu frá 3. október 2017 „veitt heimild til að taka af fjárvörslureikningi sínum kr. 5.000.00, sem þegar hafa verið lagðar þar inn af skuldurum“. Verður þannig lagt til grundvallar að umrædd fjárhæð hafi verið greidd lögmanni stefnda NRS Media (Europe) Ltd. og verður ráðið af framlögðum gögnum að greiðslur vegna uppgjorsins í heild sinni hafi borist stefnda NRS Media (Europe) Ltd. fyrir milligöngu dönsku lögmannsstofunnar Hovmøller & Thorup.

Samkvæmt þessu bera gögn málsins með sér að sú greiðsla sem krafist er riftunar á hafi verið innt af hendi vegna skuldar Pressunnar ehf. við stefnda NRS Media (Europe) Ltd. samkvæmt samningi á milli þessara aðila. Greiðslan fór fram á grundvelli samkomulags um uppgjör sem ekki verður séð að stefndi NRS Media (UK) Ltd. hafi átt aðild að. Verður þannig ekki séð að krafa um riftun á greiðslu þeirrar skuldar sem um ræðir, sem byggð er á 134., 139. og 141. gr. laga nr. 21/1991, geti beinst að stefnda NRS Media (UK) Ltd. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að greiðslan hafi runnið til NRS Media (UK) Ltd. eða að það félag hafi með öðrum hætti haft hag af ráðstöfuninni í skilningi 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, en stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því. Stefndi NRS Media (UK) Ltd. verður þegar af þeim sökum sýknaður af kröfum stefnanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda NRS Media (Europe) Ltd. var sótt þing þegar málið var þingfest, en þingsókn félagsins féll niður á síðari stigum án þess að lögð hefði verið fram greinargerð. Verður því leyst úr málinu á grundvelli krafna og málalátubúnaðar stefnanda að því leyti sem kröfurnar samrýmast framkomnum gögnum og eiga stoð í lögum, sbr. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 96. gr. laga nr. 91/1991. Eins og rakið hefur verið er krafa stefnanda um riftun aðallega byggð á 139. gr. laga nr. 21/1991, en til vara á 134. gr. og að því frágöngu á 141. gr. Til þess að riftun geti farið fram á grundvelli 139. gr. laganna þarf greiðsla að hafa verið innt af hendi eftir frestdag. Frestdagur var 19. september 2017 og verður ráðið af gögnum málsins að Pressan ehf. hafi 7. sama mánaðar lagt þá greiðslu sem krafist er riftunar á inn á fjárvörslureikning lögmanns stefnda NRS Media (Europe) Ltd. Umræddri fjárhæð var síðar ráðstafað til hins stefnda félags í samræmi við samkomulag aðila um uppgjör 3. október 2017, en þar kemur fram að lögmanni NRS Media sé „veitt heimild til að taka af fjárvörslureikningi sínum kr. 5.000.000, sem þegar hafa verið lagðar þar inn af skuldurum“. Þegar greitt er fyrir milligöngu þriðja aðila verður almennt að miða við að greiðsla hafi farið fram, að því gefnu að kröfuhafinn hafi öðlast þann rétt til greiðslunnar að hann njóti verndar gegn öðrum kröfuhöfum skuldarans. Sá lögmaður sem tók við greiðslunni gætti hagsmuna kröfuhafans og verður í ljósi aðstæðna lagt til grundvallar að við móttöku hans á greiðslunni hafi hún verið innt af hendi. Að teknu

tilliti til þessa getur krafa um riftun greiðslunnar ekki sótt stoð í 139. gr. laga nr. 21/1991.

Kemur þá til skoðunar hvort krafan fái stoð í 134. gr. laganna, en stefnandi byggir á því að greidd hafi verið fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu félagsins verulega og að greiðslan hafi ekki virst venjuleg eftir atvikum. Við mat á því verður að líta til þess hvert hlutfall fjárhæðar greiðslunnar var af þeim eignum Pressunnar ehf. sem voru til ráðstöfunar þegar greiðslan fór fram 7. september 2017. Stefnandi hefur vísað til eigna búsins eftir að úrskurðað var um gjaldprotaskipti og lagt fram gögn því til stuðnings. Aftur á móti liggja ekki fyrir gögn sem sýna hvernig eignastöðu Pressunnar ehf. var háttað á þeim tíma sem greiðslan fór fram. Að þessu virtu telur dómurinn framlögð gögn ekki styðja málatilbúnað stefnanda um að riftun geti sótt stoð í 134. gr. laga nr. 21/1991 og er því ekki unnt að fallast á kröfuna á þeim grunni.

Stefnandi hefur jafnframt stutt kröfu um riftun við hina almennu riftunareglu 141. gr. laga nr. 21/1991 og er rökstutt í stefnu að öll skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Gögn málsins bera með sér að greiðsla vegna skuldarinnar hafi verið innt af hendi þegar langt var liðið frá gjalddaga þeirra reikninga sem um ræðir. Þá styðja framlögð gögn að greiðslan hafi verið tilteknum kröfuhafa til hagsbóta, mismunað kröfuhöfum með ótilhlýðilegum hætti og leitt til þess að eignir voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þá fær það að mati dómsins stoð í gögnum málsins að Pressan ehf. hafi verið ógjaldfær þegar hin umdeilda ráðstöfun átti sér stað eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar. Jafnframt styðja gögn málsins, svo sem aðgerðir til innheimtu skuldarinnar, að stefndi NRS Media (Europe) Ltd. hafi verið grandsamur um ógjaldfærni félagsins og að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Það eru því uppfyllt skilyrði til að rifta greiðslunni samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991. Með vísan til þess sem áður hefur verið rakið er lagt til grundvallar að greiðslan hafi farið fram 7. september 2016 þegar hún var greidd inn á fjárvörslureikning lögmanns stefnda. Verður því fallist á varakröfu stefnda um riftun, eins og hún er sett fram í stefnu.

Samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 skal sá sem hafði hag af ráðstöfun sem er riftanleg samkvæmt 141. gr. greiða bætur eftir almennum reglum. Með umræddri greiðslu voru 5.000.000 króna greiddar frá Pressunni ehf. sem ella hefðu komið til skipta í þrotabúinu. Stefnda NRS Media (Europe) Ltd. verður gert að greiða stefnanda þá fjárhæð. Stefnandi krefst dráttarvaxta af kröfunni, og er sú krafa aðallega miðuð við þann dag sem greiðslan fór fram en að því frágengnu við 25. júlí 2018, þegar mánuður var liðinn frá því að stefnandi lýsti yfir riftun greiðslunnar og krafðist skaðabóta. Að teknu tilliti til 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er rétt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma er mánuður var liðinn frá því að stefnandi krafðist endurgreiðslu umræddrar fjárhæðar. Verða dráttarvextir því dæmdir af kröfunni frá 25. júlí 2018.

Að teknu tilliti til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda NRS Media (UK) Ltd. málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur, en við ákvörðun málskostnaðar er litið til þess að málið er rekið samhliða öðru máli um sams konar sakarefni.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda NRS Media (Europe) Ltd., sem ekki tók til varna, gert að greiða stefnanda málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er meðal annars litið til upplýsinga um kostnað við þýðingu og birtingu stefnu, sem og til þess að samhliða þessu máli er rekið annað sams konar mál. Að teknu tilliti til þessa þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 650.000 krónur.

Ásgerður Ragnardóttir, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, NRS Media (UK) Ltd., er sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Pressunnar ehf.

Rift er greiðslu Pressunnar ehf. á 5.000.000 króna skuld við stefnda, NRS Media (Europe) Ltd., sem innt var af hendi 7. september 2017 með greiðslu á reikning lögmanns stefnda.

Stefndi, NRS Media (Europe) Ltd., greiði stefnanda 5.000.000 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júlí 2018 til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefnda NRS Media (UK) Ltd. 300.000 krónur í málskostnað.

Stefndi NRS Media (Europe) Ltd. greiði stefnanda 650.000 krónur í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir